

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum leiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1986 til 31. desember 1989:

1. Egilsstaðir — Fáskrúðsfjörður — Höfn — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðir.
2. Egilsstaðir — Fáskrúðsfjörður — Breiðdalsvík — Höfn — Breiðdalsvík — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðir.
3. Egilsstaðir — Fáskrúðsfjörður — Reykjavík — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðir.

Samgönguráðuneytið, 5. desember 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 100 fyrir hvert viðtal á læknisstofu og kr. 180 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Í vitjunargjaldi eru innifaldar kr. 40 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar samlagslækni og dragast þær frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslækni eða flytjenda hans þegar reikningur er greiddur til samlagsmanna, er njóta lækniþjónustu, sem byggist á samningi við heimilislækna.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhöggun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 180 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 310 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 70 og kr. 110 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrisögn lækni. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga